

Borgarbyggð

Ársreikningur  
2018

Borgarbyggð  
Borgarbraut 14  
310 Borgarnes

Kr. 510694-2289

# Efnisyfirlit

---

Skýrsla og áritun sveitarstjóra og sveitarstjórnar .....	3
Áritun óháðs endurskoðanda .....	4
Rekstrarreikningur .....	6
Efnahagsreikningur .....	7
Sjóðstreymisyfirlit .....	9
Skýringar .....	10

## Skýrsla og áritun sveitarstjóra og sveitarstjórnar

Ársreikningur Borgarbyggðar er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga og reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga.

Rekstrartekjur sveitarfélagsins á árinu námu 4.299 millj. kr. samkvæmt ársreikningi fyrir A og B hluta, en þar af námu rekstrartekjur A hluta 3.932 millj. kr.

Álagningarhlutfall útsvars var 14,52% sem er lögbundið hámark þess. Álagningarhlutfall fasteignaskatts í A-flokki nam 0,45% en lögbundið hámark þess er 0,50%, í B-flokki nam álagningarhlutfallið 1,32% sem er lögbundið og í C-flokki nam álagningarhlutfallið 1,55% en lögbundið hámark þess er 1,32% auk heimildar sveitarstjórna til að hækka álagningu A og C flokkanna um allt að 25%.




Rekstrarniðurstaða A og B hluta var jákvæð um 501 millj. kr. og rekstrarniðurstaða A hluta var jákvæð um 510 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé sveitarfélagsins í árslok 2018 nam 3.584 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi fyrir A og B hluta, en eigið fé A hluta um 3.628 millj. kr.

Ársreikningur Borgarbyggðar fyrir árið 2018 er tilbúinn til endurskoðunar og afgreiðslu í sveitarstjórn.

Borgarnesi, 4. apríl 2019.

Sveitarstjóri:


Byggðarráð:

  
Sveitarstjóri:   
Byggðarráð:   
Sigrún Björg Ágústsdóttir      Guðveig Eyyfarsdóttir  
Magnús Snúi Snóvasson  
Hallgríma Lóa Þorvaldsd.

Ársreikningur Borgarbyggðar fyrir árið 2018 hefur hlotið afgreiðslu sveitarstjórnar í samræmi við ákvæði 61. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og er staðfestur og áritaður við síðari umræðu í sveitarstjórn.

Borgarnesi, 9/5-2019.

Sveitarstjórn:

  
Sveitarstjórn:  
Sigrún Björg Ágústsdóttir  
Guðveig Eyyfarsdóttir  
David Sigurðsson  
Sigrún Eyrún Steingrimsdóttir  
Árnir Guzi Leifsson  
Guðmundur Frangi Kristbergsson  
Hallgríma Lóa Þorvaldsdóttir  
Magnús Snúi Snóvasson  
Sigrún Sjöfn Amundadóttir

# Áritun óháðs endurskoðanda

---

Til sveitarstjórnar Borgarbyggðar.

## Áritun um endurskoðun ársreikningsins

### Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Borgarbyggðar fyrir árið 2018 sem hefur að geyma ársreikning fyrir A hluta starfsemi sveitarfélagsins og ársreikning fyrir A og B hluta. Hann greinist í rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu sveitarfélagsins 31. desember 2018 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2018, í samræmi við lög um ársreikninga og sveitarstjórnarlög.

### Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð sveitarfélaginu í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur, International Ethics Standards Board for Accountants Code of Ethics for Professional Accountants (IESBA Code) og siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt aðrar siðferðisskyldur okkar í samræmi við þær reglur og IESBA Code. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

### Ábyrgð sveitarstjórnar og sveitarstjóra á ársreikningnum

Sveitarstjórn og sveitarstjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og sveitarstjórnarlög og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber sveitarstjórn og sveitarstjóra að leggja mat á rekstarhæfi sveitarfélagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi nema það sé ekki lengur til staðar.

Sveitarstjórn og sveitarstjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

### Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits sveitarfélagsins.
- Metum við hvort reikningskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.

## Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

---

- Ályktum við um hvort notkun sveitarstjórnar og sveitarstjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um áframhaldandi rekstrarhæfi sveitarfélagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni haft neikvæð áhrif á rekstrarhæfi sveitarfélagsins.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.
- Öflum við nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna um fjárhagsleg málefni rekstrareininga sem falla undir A og B hluta starfsemi sveitarfélagsins til að geta gefið álit á ársreikningnum. Við erum ábyrg fyrir skipulagi, eftirliti og framkvæmd endurskoðunar sveitarfélagsins og berum óskipta ábyrgð á áritun okkar.

Við upplýsum sveitarstjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Við lýsum því einnig yfir við sveitarstjórn að við höfum uppfyllt skyldur siðareglna um óhæði og upplýsum um tengsl eða önnur atriði sem gætu mögulega talist hafa áhrif á óhæði okkar og þegar við á, til hvaða varnaraðgerða við höfum gripið.

### **Staðfesting vegna annarra ákvæða laga**

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu bæjarstjóra og bæjarstjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Borgarnes, 9. maí 2019

**KPMG ehf.**

Haraldur Órn Reynisson

# Rekstrarreikningur ársins 2018

	Skýr.	A hluti			A og B hluti		
		Ársreikningur 2018	Áætlun 2018 með viðaukum	Ársreikningur 2017	Ársreikningur 2018	Áætlun 2018 með viðaukum	Ársreikningur 2017
<b>Rekstrartekjur</b>							
Útsvar og fasteignaskattur ....	4	2.406.874	2.327.949	2.201.198	2.387.251	2.311.885	2.181.776
Framlög Jöfnunarsjóðs .....	4	1.129.826	1.097.817	1.082.224	1.129.826	1.097.817	1.082.224
Aðrar tekjur .....	4	395.422	337.075	419.184	782.059	738.991	807.460
		<u>3.932.122</u>	<u>3.762.841</u>	<u>3.702.605</u>	<u>4.299.136</u>	<u>4.148.693</u>	<u>4.071.460</u>
<b>Rekstrargjöld</b>							
Laun og launatengd gjöld .....	5	2.021.588	1.987.938	1.976.711	2.176.695	2.155.301	2.149.192
Lífeyrisskuldbinding, hækkun		49.658	116.767	130.519	49.658	116.767	130.519
Annar rekstrarkostnaður .....		1.232.565	1.269.814	1.173.277	1.364.431	1.402.109	1.294.390
		<u>3.303.812</u>	<u>3.374.520</u>	<u>3.280.508</u>	<u>3.590.784</u>	<u>3.674.178</u>	<u>3.574.101</u>
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir .....		628.311	388.321	422.098	708.352	474.515	497.359
Afskriftir .....	8	( 84.447 )	( 103.031 )	( 82.841 )	( 121.835 )	( 140.896 )	( 120.204 )
Rekstrarniðurstaða án fjármuna- tekna og fjármagnsgjalda ...		543.864	285.291	339.256	586.517	333.619	377.155
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) .....	6	( 33.571 )	( 60.322 )	( 28.207 )	( 84.871 )	( 119.419 )	( 80.315 )
Hlutdeild minnihluta í afkomu .....		0	0	0	( 596 )	0	1.645
<b>Rekstrarniðurstaða</b> .....	13	<u>510.293</u>	<u>224.969</u>	<u>311.049</u>	<u>501.049</u>	<u>214.200</u>	<u>298.485</u>

# Efnahagsreikningur

		<b>Eignir</b>			
		<b>A hluti</b>		<b>A og B hluti</b>	
<b>Skýr.</b>		<b>2018</b>	<b>2017</b>	<b>2018</b>	<b>2017</b>
<b>Fastafjármunir</b>					
Varanlegir rekstrarfjármunir:					
	Fasteignir og lóðir .....	3.034.716	2.561.459	4.128.706	3.689.014
	Gatnamannvirki og veitukerfi .....	382.082	340.769	382.082	340.769
	Áhöld, tæki og aðrar eignir .....	326.090	297.355	362.326	333.127
8		<u>3.742.887</u>	<u>3.199.582</u>	<u>4.873.113</u>	<u>4.362.909</u>
Áhættufjármunir og langtímakröfur:					
	Stofnframlög og eignarhlutir í félögum .....	1.029.140	1.029.140	889.134	889.134
	Fyrirframgreiðsla til Brúar lífeyrissjóðs .....	155.390	0	155.390	0
	Langtímakröfur .....	95.293	105.280	933.815	928.451
	Langtímakröfur á eigin fyrirtæki .....	28.287	28.833	0	0
		<u>1.308.110</u>	<u>1.163.253</u>	<u>1.978.339</u>	<u>1.817.585</u>
	Fastafjármunir	<u>5.050.997</u>	<u>4.362.835</u>	<u>6.851.453</u>	<u>6.180.495</u>
<b>Veltufjármunir</b>					
Skammtímakröfur:					
	Óinnheimtar tekjur .....	323.224	365.717	351.020	394.148
	Skammtímakröfur á eigin fyrirtæki .....	61.538	39.879	0	0
	Næsta árs afborganir eigin fyrirtæki .....	1.483	1.949	0	0
	Næsta árs afborganir langtímakrafna .....	13.410	12.145	24.821	22.673
	Aðrar skammtímakröfur .....	26.490	17.979	29.356	17.979
	Næsta árs gjaldf. V. Brúar lífeyrissjóðs .....	5.970	0	5.970	0
	Skammtímaverðbréf .....	14.237	13.472	14.237	13.472
	Handbært fé .....	623.704	763.566	729.952	848.607
	Veltufjármunir	<u>1.070.057</u>	<u>1.214.707</u>	<u>1.155.356</u>	<u>1.296.878</u>
	<b>Eignir samtals</b>	<u>6.121.054</u>	<u>5.577.542</u>	<u>8.006.808</u>	<u>7.477.373</u>

# 31. desember 2018

## Eigið fé og skuldir

	Skýr.	A hluti		A og B hluti	
		2018	2017	2018	2017
<b>Eigið fé</b>					
Eiginfjárreikningur .....	13	3.628.443	2.912.981	3.583.747	2.877.528
Hlutdeild minnihluta í eigin fé .....	16	0	0	53.893	53.297
		<u>3.628.443</u>	<u>2.912.981</u>	<u>3.637.640</u>	<u>2.930.825</u>
<b>Skuldbindingar</b>					
Lífeyrisskuldbinding .....	14	909.219	886.031	909.219	886.031
<b>Langtímaskuldir</b>					
Skuldir við lánastofnanir .....	15	1.018.206	1.169.579	2.822.128	2.986.252
<b>Skammtímaskuldir</b>					
Skuldir við eigin fyrirtæki .....		13.840	18.572	0	0
Næsta árs afborganir langtímaskulda .....	15	187.635	181.863	235.681	229.430
Skammtímahluti lífeyrisskuldbindingar .....	14	27.122	27.387	27.122	27.387
Aðrar skammtímaskuldir .....		336.589	381.129	375.018	417.449
		<u>565.186</u>	<u>608.951</u>	<u>637.821</u>	<u>674.266</u>
Skuldir og skuldbindingar samtals		<u>2.492.611</u>	<u>2.664.561</u>	<u>4.369.169</u>	<u>4.546.548</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u>6.121.054</u>	<u>5.577.542</u>	<u>8.006.808</u>	<u>7.477.373</u>
Ábyrgðir og skuldbindingar					
utan efnahagsreiknings .....	17				



# Sjóðstreymisyfirlit ársins 2018

	A hluti			A og B hluti			
	Skýr	Ársreikningur 2018	Áætlun 2018 með viðaukum	Ársreikningur 2017	Ársreikningur 2018	Áætlun 2018 með viðaukum	Ársreikningur 2017
<b>Rekstrarhreyfingar</b>							
Rekstrarniðurstaða .....	13	510.293	224.969	311.049	501.049	214.200	298.485
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:							
Afskriftir .....	8	84.447	103.031	82.841	121.835	140.896	120.204
Verðbætur og gengismunur .....		33.307	42.342	19.972	42.917	53.092	25.224
Hlutdeild minnihluta í afkomu .....		0	0	0	596	0	( 1.645 )
Söluhagnaður af sölu rekstrarfjármuna .....		( 36.149 )	0	( 36.123 )	( 36.149 )	0	( 36.173 )
Hækkun á lífeyrisskuldbindingu ...	14	49.658	75.293	130.519	49.658	75.293	130.519
Veltufé frá rekstri		641.556	445.634	508.258	679.907	483.481	536.615
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:							
Óinnheimtar tekjur, breyting .....		42.493	0	37.075	43.128	0	41.580
Aðrar skammtímakr., breyting .....		( 8.511 )	0	( 14.307 )	( 11.377 )	0	( 14.307 )
Skammtímaskuldir, breyting .....		( 44.540 )	( 77.022 )	10.308	( 42.430 )	( 77.022 )	14.436
Greitt vegna lífeyrissk.bindingar ..	14	( 26.734 )	( 24.000 )	( 27.368 )	( 26.734 )	( 24.000 )	( 27.368 )
Fyrirframgreiðsla v. uppgjörð við Brú, breyting .....	10	( 161.361 )	160.833	0	( 161.361 )	160.833	0
Samtals		( 198.654 )	59.811	5.708	( 198.775 )	59.811	14.341
Handbært fé frá rekstri		442.902	505.445	513.965	481.131	543.292	550.956
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>							
Fjárfesting í varanlegum							
rekstrarfjármunum .....	8	( 452.250 )	( 604.000 )	( 115.240 )	( 456.536 )	( 710.000 )	( 117.313 )
Greidd gatnagerðargjöld .....		3.478	20.000	0	3.478	20.000	0
Söluverð rekstrarfjármuna .....		62.338	60.000	40.200	62.338	60.000	40.260
Eignarhlutur í félögum, viðbót .....		0	0	( 750 )	0	0	( 750 )
Langtímakröfur, breyting .....		12.283	11.960	9.030	22.959	22.301	19.009
Langtímakröfur á eigin fyrirtæki, breyting .....		1.994	1.873	1.883	0	0	0
Skammtímaverðbréf, breyting .....		( 764 )	0	( 804 )	( 764 )	0	( 804 )
Fjárfestingarhreyfingar		( 372.921 )	( 510.167 )	( 65.681 )	( 368.525 )	( 607.699 )	( 59.598 )
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>							
Víðskiptast. eigin ft., breyting .....		( 26.391 )	0	( 4.071 )	0	0	0
Afborganir langtímalána .....	15	( 183.452 )	( 194.142 )	( 237.724 )	( 231.261 )	( 241.503 )	( 284.487 )
Fjármögnunarhreyfingar		( 209.843 )	( 194.142 )	( 241.795 )	( 231.261 )	( 241.503 )	( 284.487 )
<b>(Lækkun) hækkun á handbæru fé</b>		( 139.862 )	( 198.864 )	206.489	( 118.655 )	( 305.909 )	206.870
<b>Handbært fé í ársbyrjun</b> .....		763.566	763.566	557.077	848.607	848.607	641.737
<b>Handbært fé í árslok</b> .....		623.704	564.702	763.566	729.951	542.698	848.607

# Skýringar

## 1. Upplýsingar um sveitarfélagið

Borgarbyggð er sveitarfélag á Vesturlandi og voru íbúar 3.816 þann 1. desember 2018. Skrifstofa sveitarfélagsins er að Borgarbraut 14 í Borgarnesi.

Mælt er fyrir um grundvallarþætti stjórnsýslu og starfsemi sveitarfélaga í sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011.

## 2. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Borgarbyggðar fyrir árið 2018 hefur að geyma ársreikning fyrir þær rekstrareiningar sem falla undir A hluta starfsemi sveitarfélagsins og ársreikning fyrir alla starfsemi þess, þ.e. A og B hluta, sbr. 60. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011.

Til A hluta telst starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum. Hér er um að ræða Aðalsjóð, en auk hans Eignasjóð og Menningarsjóð Borgarbyggðar. Til B hluta teljast fjárhagslega sjálfstæð fyrirtæki sem að hálfu eða meirihluta eru í eigu sveitarfélagsins, en rekstur þessara fyrirtækja er fjármagnaður með þjónustutekjum. Fyrirtæki sem falla undir B hluta starfsemi sveitarfélagsins eru Sorphirða, Félagslegar íbúðir, Hjúkrunarheimilið Brákarhlíð, Hjálmaklettur, Menntaskóli Borgarfjarðar ehf., Nemendagarðar MB ehf., Reidhöllin Vindási ehf., Fjallskilasjóðir, Vatnsveita og Ljósleiðari Borgarbyggðar.

Ársreikningurinn er gerður samkvæmt kostnaðarverðsreglu og í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga nr. 3/2006 og reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga nr. 1212/2015. Ársreikningurinn byggir í meginatriðum á sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Stöður í efnahagsreikningi milli rekstrareininga í A hluta og viðskipti milli þeirra eru felld út í ársreikningi A hluta. Í ársreikningi fyrir A og B hluta eru felldar út stöður í efnahagsreikningi og viðskipti milli allra rekstrareininga sveitarfélagsins. Af viðskiptum milli rekstrareininga sveitarfélagsins má nefna húsaleigu Eignasjóðs og önnur innbyrðis viðskipti vegna kaupa á vöru og þjónustu.

## 3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Reikningsskilaaðferðum, sem settar eru fram hér á eftir, hefur verið beitt með samræmdum hætti á þeim tímabilum sem birt eru í ársreikningnum, nema annað sé tekið fram.

### a. Innlausn tekna

Skatttekjur eru færðar til tekna við álagningu þeirra en til lækkunar er færð reiknuð niðurfærsla vegna óinnheimtra skatttekna. Til skatttekna heyra útsvar, fasteignaskattur og framlag úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, auk annarra tekna sem hafa ígildi skatta, svo sem lóðarleiga.

Tekjur vegna gatnagerðar eru færðar til lækkunar á framkvæmdakostnaði vegna nýbyggingar gatnamannvirkja sbr. d lið.

Tekjur af sölu þjónustu og vöru eru færðar þegar afhending hefur farið fram og kröfuréttur myndast.

Áfallnar vaxtatekjur eru færðar til tekna í samræmi við höfuðstól og skilmála vaxtaberandi krafna. Arðstekjur eru færðar til tekna þegar réttur til þeirra hefur myndast.

Hagnaður eða tap af sölu varanlegra rekstrarfjármuna er reiknaður sem mismunur söluverðs og bókfærðs verðs og er færður í rekstrarreikning meðal rekstrarrekna eða -gjalda, eftir því sem við á.

### b. Færsla gjalda

Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

### c. Verðlags- og gengisviðmið

Eignir og skuldir, sem bundnar eru verðlagsvísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla eru færðar í ársreikninginn miðað við verðlag eða gengi í árslok. Verðlagsbreytingar og gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

### d. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar í efnahagsreikningi á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Fjárfesting vegna gatnagerðarframkvæmda er eignfærð að frádregnum tekjum er tengjast viðkomandi verkefni.

Lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af eru færðar á gangverði eða núvirði framtíðarleigutekna samkvæmt fyrirliggjandi leigusamningum sé það lægra. Lóðir og lendur eru endurmetnar með reglubundnum hætti. Endurmat lóða og lendna er færð á eiginfjárreikning.

# Skýringar, frh.:

---

## 3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.

### e. Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna þar til 10% niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími rekstrarfjármuna greinist þannig:

Fasteignir.....	25-40 ár
Gatnamannvirki og veitukerfi.....	25 ár
Vélar áhöld og tæki.....	3-20 ár

Lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af eru ekki afskrifaðar.

### f. Stofnframlög og eignarhlutir í félögum

Eignarhlutir í félögum og stofnframlög í byggðasamlögum og eigin fyrirtækjum eru færðir á kostnaðarverði, að frádreginni niðurfærslu vegna virðisrýrnunar. Framlög sveitarfélagsins til byggðasamlaga og ýmissa verkefna teljast hluti kostnaðar vegna viðeigandi málaflokks.

### g. Langtímakröfur

#### Almennar langtímakröfur

Langtímakröfur eru færðar til eignar í samræmi við lánskjör. Næsta árs afborganir langtímakrafna eru færðar í efnahagsreikning meðal veltufjármuna.

#### Langtímakrafa á ríkissjóð vegna leigusamninga um hjúkrunarheimili

Langtímakrafa á ríkissjóð vegna leigusamninga um hjúkrunarheimili er færð til eignar á bókfærðu virði sem nemur lágmarksleigugreiðslum leigusamningsins núvirtum með 4,5% vöxtum.

### h. Fyrirframgreiðsla til Brúar lífeyrissjóðs

Fyrirframgreiðsla til Brúar lífeyrissjóðs vegna uppgjörs A-deildar á árinu 2018 er færð til eignar og er framlag í lífeyrisaukasjóð gjaldfært á 30 árum en framlag í varúðarsjóð á 20 árum til samræmis við ákvæði reglugerðar nr. 1212/2015.

### i. Óinnheimtar tekjur og aðrar kröfur

Óinnheimtar tekjur, aðrar kröfur og verðbréf eru færð niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign sveitarfélagsins, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Annars vegar er um að ræða niðurfærslu vegna krafna sem sérstaklega hafa verið metnar í tapshættu og hins vegar niðurfærslu til að mæta almennri áhættu. Niðurfærslan er dregin frá viðkomandi liðum í efnahagsreikningi.

### j. Handbært fé

Sjóðir og bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

### k. Lífeyrisskuldbinding

Lífeyrisskuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanna sveitarfélagsins er færð sem langtímaskuld í efnahagsreikningi á grundvelli tryggingarfræðilegrar úttektar í árslok 2018. Reiknuð breyting á skuldbindingunni á árinu er gjaldfærð í rekstrarreikningi sbr. skýringu 14. Áætlaðar næsta árs greiðslur sveitarfélagsins vegna lífeyrisskuldbindingar eru færðar meðal skammtímaskulda.

### l. Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar í efnahagsreikning í árslok eins og lánskjör segja til um. Næsta árs afborganir langtímaskulda eru færðar meðal skammtímaskulda.

### m. Ábyrgðir og aðrar skuldbindingar utan efnahagsreiknings

Upplýsingar um ábyrgðir og aðrar skuldbindingar sveitarfélagsins utan efnahagsreiknings eru birtar í skýringu 17.

### n. Fjárhagsáætlun

Fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árið 2018 er hluti ársreikningsins og er birt í rekstrarreikningi, sjóðstreymisyfirliti og skýringum. Um er að ræða fjárhagsáætlun með viðaukum sem sveitarstjórn hefur samþykkt. Gerð er grein fyrir upphaflega samþykkttri fjárhagsáætlun, samþykktum viðaukum og fjárhagsáætlun með viðaukum í skýringum 21.

## Skýringar, frh.:

### 4. Rekstrartekjur

Rekstrartekjur greinast þannig:

	A hluti			A og B hluti		
	Ársreikningur 2018	Áætlun 2018 með viðaukum	Ársreikningur 2017	Ársreikningur 2018	Áætlun 2018 með viðaukum	Ársreikningur 2017
<b>Útsvar og fasteignaskattur:</b>						
Útsvar .....	1.897.931	1.819.337	1.732.702	1.897.931	1.819.337	1.732.702
Fasteignaskattur .....	441.199	440.880	404.509	421.576	424.816	385.087
Lóðarleiga .....	67.744	67.732	63.987	67.744	67.732	63.987
	2.406.874	2.327.949	2.201.198	2.387.251	2.311.885	2.181.776
<b>Framlög Jöfnunarsjóðs:</b>						
Framlög vegna grunnskóla .....	274.588	265.663	267.331	274.588	265.663	267.331
Framlög v. málefna fatlaðra.....	185.092	164.516	161.290	185.092	164.516	161.290
Framlög v. sérþarfa fatlaðra.....	18.800	13.400	17.450	18.800	13.400	17.450
Útgjaldajöfnunarframlag.....	453.911	459.491	450.481	453.911	459.491	450.481
Framlög v. fasteignaskatts.....	189.105	184.563	175.383	189.105	184.563	175.383
Önnur framlög .....	8.330	10.184	10.287	8.330	10.184	10.287
	1.129.826	1.097.817	1.082.224	1.129.826	1.097.817	1.082.224
Skatttekjur samtals.....	3.536.700	3.425.766	3.283.421	3.517.077	3.409.702	3.263.999
<b>Aðrar tekjur:</b>						
Aðrar tekjur .....	395.422	337.075	419.184	782.059	738.991	807.460
	395.422	337.075	419.184	782.059	738.991	807.460
Rekstrartekjur samtals .....	3.932.122	3.762.841	3.702.605	4.299.136	4.148.693	4.071.460

### 5. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

Laun .....	1.632.390	1.610.213	1.525.722	1.759.834	1.747.762	1.669.349
Launatengd gjöld .....	382.516	376.995	362.754	410.178	406.809	391.608
Áfallinn launakostnaður, br.....	335	361	10.809	335	361	10.809
Framlög vegna uppgjörs						
A deildar Brúar lífeyrissjóðs..	5.970	0	77.021	5.970	0	77.021
Annar starfsmannakostn.....	377	370	405	377	370	405
	2.021.588	1.987.938	1.976.711	2.176.695	2.155.301	2.149.192

	2018	2017
Fjöldi starfsmanna í árslok.....	344	341
Fjöldi stöðugilda í árslok.....	269	268
Ársverk.....	273	267
Laun og launatengd gjöld sveitarstjóra og sveitarstjórnar.....	36.690	32.372

### 6. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) greinast þannig:

Vaxtatekjur og verðbætur .....	29.421	26.827	29.441	96.075	81.282	83.675
Tekjur af eignarhlutum .....	33.553	22.350	32.309	33.553	22.350	32.309
Vextir frá eigin fyrirtækjum .....	3.357	1.396	2.452	0	0	0
Vaxtagjöld og verðbætur .....	( 99.640 )	( 110.895 )	( 92.293 )	( 214.320 )	( 223.051 )	( 196.181 )
Gengismunur .....	( 261 )	0	( 116 )	( 179 )	0	( 118 )
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld).....	( 33.571 )	( 60.322 )	( 28.207 )	( 84.871 )	( 119.419 )	( 80.315 )

# Skýringar, frh.:

## 7. Heildaryfirlit um rekstur

Rekstur málaflokka, stofnana og fyrirtækja sveitarfélagsins greinist þannig:

	Ársreikningur 2018	Áætlun 2018 með viðaukum	Ársreikningur 2017
<b>Aðalsjóður:</b>			
Skatttekjur .....	3.592.573	3.480.886	3.337.972
Félagsþjónusta .....	( 403.708 )	( 414.810 )	( 391.111 )
Heilbrigðismál .....	( 3.992 )	( 4.410 )	( 2.893 )
Fræðslu- og uppeldismál .....	( 1.828.093 )	( 1.861.433 )	( 1.746.995 )
Menningarmál .....	( 124.098 )	( 115.995 )	( 119.911 )
Æskulýðs- og íþróttamál .....	( 308.384 )	( 325.753 )	( 274.090 )
Brunamál og almannavarnir .....	( 35.586 )	( 34.582 )	( 36.822 )
Hreinlætismál .....	2.176	( 376 )	1.994
Skipulags- og byggingarmál .....	( 138.629 )	( 134.288 )	( 116.592 )
Umferðar- og samgöngumál .....	( 129.260 )	( 130.872 )	( 94.280 )
Umhverfismál .....	( 52.975 )	( 43.930 )	( 43.934 )
Atvinnumál .....	( 9.861 )	( 16.264 )	( 6.831 )
Framlög til B hluta starfsemi .....	430	( 175 )	295
Sameiginlegur kostnaður .....	( 243.960 )	( 239.628 )	( 225.177 )
Breyting lífeyrisskuldbindingar og framlag vegna A deildar Brúar .....	( 55.628 )	( 116.767 )	( 207.540 )
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld .....	73.675	47.937	63.564
Aðalsjóður samtals .....	334.680	89.540	137.648
<b>A hluta stofnanir:</b>			
Eignasjóður .....	175.273	135.402	172.871
Menningarsjóður Borgarbyggðar .....	340	27	530
A hluti samtals .....	510.293	224.969	311.049
<b>B hluta fyrirtæki:</b>			
Vatnsveita .....	( 2.425 )	( 870 )	( 287 )
Sorphirða .....	( 15.400 )	( 10.204 )	( 13.670 )
Félagslegar íbúðir .....	( 13.968 )	( 6.560 )	( 4.865 )
Hjúkrunarheimilið Brákarhlíð .....	( 3.768 )	( 1.769 )	( 2.466 )
Hjálmaklettur .....	8.527	13.147	18.797
Menntaskóli Borgarfjarðar ehf. ....	25.433	370	( 6.566 )
Nemendagarðar MB .....	565	( 71 )	( 96 )
Reiðhöllin Vindási ehf. ....	( 3.437 )	( 4.087 )	( 2.663 )
Fjallskilasjóðir .....	( 4.099 )	( 1.048 )	( 2.445 )
Ljósleiðari .....	234	323	0
Bakfærð hlutdeild í afkomu			
dótturfélaga .....	( 308 )	0	52
Hlutdeild minnihluta í afkomu .....	( 596 )	0	1.645
A og B hluti .....	501.050	214.200	298.485

## Skýringar, frh.:

### 8. Varanlegir rekstrarfjármunir

#### a. Bókfært verð

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

A hluti	Fasteignir og lóðir	Gatnamannv. og veitukerfi	Vélar áhöld og tæki	Samtals
Heildarverð 1.1.2018.....	4.471.834	473.053	566.672	5.511.559
Afskrifað áður .....	( 1.910.375 )	( 132.285 )	( 269.317 )	( 2.311.977 )
Bókfært verð 1.1.2018.....	2.561.459	340.769	297.355	3.199.583
Endurmat lóða og lendna.....	205.169	0	0	205.169
Viðbót á árinu .....	334.162	63.745	54.342	452.250
Gatnagerðargjöld.....	0	( 3.478 )	0	( 3.478 )
Selt á árinu.....	( 38.158 )	0	( 9.079 )	( 47.236 )
Afskriftir færðar út .....	15.266	0	5.782	21.048
Afskrifað á árinu .....	( 43.183 )	( 18.954 )	( 22.311 )	( 84.447 )
Bókfært verð 31.12.2018.....	3.034.716	382.082	326.090	3.742.887
Samtals heildarverð 31.12.2018.....	4.973.008	533.320	611.936	6.118.263
Afskrifað samtals .....	( 1.938.292 )	( 151.239 )	( 285.846 )	( 2.375.377 )
Bókfært verð 31.12.2018.....	3.034.716	382.082	326.090	3.742.887

Afskriftarhlutföll ..... 0-4% 4% 4-15%

A og B hluti	Fasteignir og lóðir	Gatnamannv. og veitukerfi	Vélar áhöld og tæki	Samtals
Heildarverð 1.1.2018.....	5.887.752	473.053	656.556	7.017.362
Afskrifað áður .....	( 2.198.738 )	( 132.285 )	( 323.431 )	( 2.654.453 )
Bókfært verð 1.1.2018.....	3.689.014	340.769	333.127	4.362.909
Endurmat lóða og lendna.....	205.169	0	0	205.169
Viðbót á árinu .....	334.162	63.745	58.629	456.536
Gatnagerðargjöld.....	0	( 3.478 )	0	( 3.478 )
Selt á árinu.....	( 38.158 )	0	( 9.079 )	( 47.236 )
Afskriftir færðar út.....	15.266	0	5.782	21.048
Afskrift á árinu .....	( 76.748 )	( 18.954 )	( 26.133 )	( 121.835 )
Bókfært verð 31.12.2018.....	4.128.706	382.082	362.325	4.873.113
Samtals heildarverð 31.12.2018.....	6.388.926	533.320	706.106	7.628.352
Afskrifað samtals .....	( 2.260.220 )	( 151.239 )	( 343.782 )	( 2.755.241 )
Bókfært verð 31.12.2018.....	4.128.706	382.082	362.325	4.873.113

Afskriftarhlutföll ..... 0-4% 4% 4-30%

Á árinu 2012 var tekin í notkun nýbygging vegna hjúkrunarheimilis í Borgarnesi. Áfallinn framkvæmdakostnaður í árslok 2014 nam 923,9 millj. kr. Borgarbyggð og ríkisjóður gerðu samning í maí 2010 um byggingu, fjármögnun og rekstur hjúkrunarheimilis. Hlutur ríkisins í framkvæmdakostnaði vegna 85% hluta þess í áætluðum kostnaði verður greiddur með leigu til 40 ára eða frá 1. ágúst 2012 til 31. júlí 2051.

Fjárhæðir til útreiknings skuldaviðmiðs sbr. 1. tl. 2. mgr. 14. gr. reglugerðar nr. 502/2012 eru eftirfarandi í þús. kr.:

Heildarleigutekjur frá ríkissjóði á árinu.....	74.118
Lágmarksleigugreiðslur á árinu.....	42.671
Núvirði sem heimilt er að draga frá skuldum.....	845.656
Eftirstöðvar af samningi í árum.....	33,5

# Skýringar, frh.:

## 8. Varanlegir rekstrarfjármunir, frh.:

### a. Bókfært verð, frh.

Lóðir og lendur sveitarfélagsins sem það hefur leigutekjur af voru endurmetnar í árslok 2018 til samræmis við álit reikningssskilanevndar sveitarfélaga nr. 2/2010 þar sem breyting gangvirðis var yfir 5%.

### b. Fjárfesting

Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum á árinu 2018 greinist þannig:

	Fjárfesting	Áætlun 2018
	2018	með viðaukum
<b>A hluti:</b>		
<b>Fasteignir</b>		
Skólahúsnaði.....	327.125	415.000
Íþróttamannvirki.....	1.982	2.000
Leikskólar.....	4.056	40.000
Aðrar fasteignir.....	1.000	1.000
Kaup á landi.....	35.300	36.000
	369.462	494.000
<b>Gatna- og veitumannvirki</b>		
Framkvæmdakostnaður.....	52.687	80.000
Gangstéttir og stígar.....	11.059	15.000
Gatnagerðargjöld.....	( 3.478 )	( 20.000 )
	60.267	75.000
<b>Vélar, áhöld og tæki</b>		
Áhaldahús, tækjakaup.....	6.581	0
Ferðaþjónusta fatlaðra, bifreið.....	12.461	10.000
Slökkvilið, tækjakaup.....	0	5.000
	19.042	15.000
A hluti samtals.....	448.772	584.000
<b>B hluti:</b>		
<b>Sorphirða</b>		
Grenndarstöðvar.....	1.181	6.000
<b>Menntaskóli Borgarfjarðar ehf.</b>		
Fjárfesting í tækjum og búnaði.....	3.105	0
<b>Ljósleiðari</b>		
Framkvæmdakostnaður.....	20.372	100.000
Styrkur Fjarskiptasjóðs.....	( 20.372 )	0
	0	100.000
A og B hluti.....	453.058	690.000

### c. Fasteignamat og vátryggingaverð

Brunabótamat og fasteignamat varanlegra rekstrarfjármuna skiptist þannig í árslok 2018:

	A hluti	A og B hluti
Brunabótamat fasteigna.....	7.606	10.931
Fasteignamat.....	2.496	3.832
Vátryggingaverðmæti lausafjármuna.....	819	863

## Skýringar, frh.:
